

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 540/2008 frá 16. júní 2008 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins að því er varðar snið eyðublaða ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 0540:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 540/2008 frá 16. júní 2008 (Stjtið. ESB L 157, 17.6.2008, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 540/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 30, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 17.6.2008, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.